



**Ávarp  
forseta Íslands  
á alþjóðlegum minningardegi  
um þá sem látist hafa í umferðarslysum**

**Reykjavík  
21. nóvember 2021**

Kæru landsmenn,  
viðbragðsaðilar,  
ráðherra.

Hér erum við saman komin á alþjóðlegum minningardegi um þau sem látist hafa í umferðarslysum. Við erum í bækistöðvum Neyðarlínunnar og Landsbjargar, slysavarnafélags okkar Íslendinga. Við megum vera stolt af björgunarsveitum okkar um land allt. Við eigum fylkingu sjálfbóðaliða sem vílar ekki fyrir sér að halda á vettvang til hjálpar öðrum. Björgunarsveitirnar eru tákni þess að við verðum að standa saman í þessu landi þegar í nauðir rekur.

Svo eigum við fagfólk sem heldur á slysstað, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, lögreglu og lækna, hjúkrunarfræðinga og annað einvalalið sem við reiðum okkur á.

Víst er það svo, því miður, að oft eru það umferðarslysin sem þessi haldgóða sveit mætir; slys sem geta verið hörð og skæð, slys sem hefði jafnvel verið unnt að afstýra, slys sem valda djúpum skaða og sorg.

Hér erum við því ekki aðeins komin saman til að þakka þeim sem eiga þakkir skildar. Við viljum sýna þeim stuðning sem hafa slasast í umferðinni og eiga rétt á fyrirtaks umönnun og endurhæfingu. Við viljum líka sýna þeim hluttekningu sem sakna og syrgja.

„Það er ekki hægt að jarða sorgina, ekki hægt að brenna söknuðinn og setja hann í duftker.“ Þær línur má finna í nýlegu ljóði Steinunnar Sigurðardóttur um missinn sem getur verið svo mikill, missi sem hverfur ekki þótt lífið haldi áfram.

Samstaða og samkennd – megi þessi minningardagur styrkja þær meginstoðir siðaðs samfélags. Megi hann líka stuðla að því að við gerum allt, sem í okkar valdi stendur, til að auka öryggi fólks í umferðinni. Hvert slys er einu of mikið. Þakka ykkur fyrir.